

8000 litlar kúlupennafyllingar, 480 sjálfblekungar, 360 skrúfblýantar, 360 kúlupennar, 3 flöskur Seagrams Whisky, 3 flöskur Hultskamp Genever, 11 flöskur Haig's Whisky.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 7. febrúar 1961.

Nr. 186/1960. Ákæruvaldið (Árni Guðjónsson hrl.)

gegn

Georg Sigurvaldasyni (Baldvin Jónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Ármann Snævarr prófessor.

Bifreiðar. Ölvun við akstur.

Dómur Hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi ekið bifreið að faranótt 9. apríl 1960, eftir að hafa neytt vins, enda hafi hann fundið lítillega til áhrifa áfengis. Reyndust „reducerandi“ efni í blóði hans 0.87‰. Með þessu hefur ákærði gerzt sekur við ákvæði 2. sbr. 3. málsg. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. málsg. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Með dómi sakadóms Húnavatnssýslu 23. maí 1958 var ákærða dæmd refsing og svipting ökuleyfis í 3 mánuði fyrir að aka bifreið undir áhrifum áfengis. Þar sem nú er um ítrekað brot að ræða, varðar það ákærða refsingu samkvæmt 4. málsg. 80. gr. laga nr. 26/1958 og ítrekunarákvæði 45. gr. laga nr. 58/1954. Þykir refsing hæfilega ákveðin varðhald 15 daga. Þá ber og samkvæmt 3. málsg. 81. gr. laga nr. 26/1958 og 1. málsg. 24. gr. laga nr. 58/1954 að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1800.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Georg Sigurvaldason, sæti varðhaldi 15 daga. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Árna Guðjónssonar og Baldvins Jónssonar, kr. 1800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Húnavatnssýslu 20. júní 1960.

Mál þetta, sem var þingfest 16. þ. m. og tekið til dóms sama dag, er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Georg Sigurvaldasoni verkamanni, Eldjárnsstöðum, fyrir brot, er telst varða við 2. og 3. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Er þess krafizt í ákæruskjali dómsmálaráðherra, „að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærði, Georg Sigurvaldason, er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur að Gafli í Svínadal 18. nóvember 1924. Hann hefur sætt ákæru og refsingu, sem hér segir:

1958 23/5 Dómur: 1200.00 króna sekt fyrir brot á 1. mgr. 24. gr. laga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941 og 2. mgr. 4. gr. laga nr. 24/1941.

1959 15/8 Sektaður á Siglufirði um kr. 125.00.

Málsatvik eru þessi:

Föstudagskvöldið 8. apríl þ. á. var Bergur Arnbjarnarson löggæzlumaður, Akranesi, staddur á Blönduósi við annan mann. Var þá dansleikur á Hótel Blönduósi. Veittu þeir þá athygli

bifreiðinni H 393 og höfðu grun um, að bifreiðarstjórinn væri undir áhrifum áfengis. Stöðvuðu þeir bifreiðina, og viðurkenndi bifreiðarstjórinn, sem var ákærði, Georg Sigurvaldason, að hann hefði bragðað vín, og samþykkti, að tekin væri af honum blóðprufa, sem svo var gert. Kom bifreiðarstjórinn mjög kurteislega fram. Nánar aðspurður fyrir sakadómi, viðurkenndi ákærði, að hann hefði fengið vín út í gosdrykk í 2 venjulegum vatnsglösum og einu sinni sopið á óblönduðu víni á tímabilinu frá kl. 11 til kl. um 2 eftir miðnætti. Taldi hann sig aðeins hafa fundið til áhrifa, en svo lítið, „að hann hafi talið, að það gerði ekkert til“.

Samkvæmt alkóhólrannsóknarvottorði rannsóknarstofu prófessors Jóns Steffensens „fundust reducerandi efni, er samsvara 0,87% af alkóhóli“.

Ákærði hefur ekki óskað, að fá skipaðan verjanda í máli þessu.

Þar sem alkóhólprósentan í blóði ákærða reyndist vera talsvert yfir 0,50%, hefur hann gerzt brotlegur við þau ákvæði umferðarlaga nr. 26/1958 og áfengislaga nr. 58/1954, sem tilfærð eru hér að framan úr ákæruskjali dómsmálaráðherra. Ber því að dæma ákærða til greiðslu sektar, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðin kr. 1200.00, svo og til ökuleyfissviptingar í 3 mánuði, þar sem hér er um annað brot að ræða.

Á rekstri máls þessa hefur enginn óþarfadráttur orðið.

Dómsorð:

Ákærði, Georg Sigurvaldason verkamaður, Eldjárnsstöðum í Svinavatnshreppi, sæti 1200.00 króna sekt, er renni í ríkissjóð, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Jafnframt er hann sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 8. apríl þ. á. að telja.

Svo greiði hann og allan kostnað sakarinnar.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.